

HELGA KRESS

„Að fara dult með“

Sjálfsmyndir í sögum Drífu Viðar

Það er svo, að okkur kvenfólki er enginn annar kostur búinn en að skrifa upp við dogg ef við ætlum að gerast umsvifa-meiri en yrkja ferskeytlur. Eitthvað hlýtur að fara forgörðum við það, annað hvort í ritverkinu eða á heimilinu. Nú getur heimilið beðið, en þær hugmyndir sem leita á aldrei.¹

I

Þegar Drífa Viðar lést aðeins fimm tíu og eins árs að aldri vorið 1971 lét hún eftir sig skáldsöguna *Fjaldalslílu* (1967) og handrit að smásagnasafninu *Dagar við vatnið* sem kom út síðla árs 1971.² Báðar eru þessar bækur kvennabókmenntir „par excellence“. Sögurnar eru (flestar) sagðar frá sjónarhorni konu sem oft er einnig

Greinin birtist einnig í bókinni *Drífa Viðar. Málari, rithöfundur, gagnrýnandi, baráttukona*, ritstjórar Auður Aðalsteinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Kristín Guðrún Jónsdóttir, Reykjavík: Ástríki, 2025, bls. 21–43. Hér á rafrænu formi með góðfúslegu samþykki útgefanda.

- ¹ Drífa Viðar í ritdómi um skáldsöguna *Dísu Mjöll* eftir Þórunni Elfu Magnúsdóttur, *Melkorka. Tímarit kvenna* 1/1954, bls. 12–13. Í lok ritdómsins óskar hún „þessum mikilvirka rithöfundi [...] allt annars hlutskiptis en að þurfa að skrifa upp við dogg.“ Sbr. einnig „Konur og bókmenntir“, *Draumur um veruleika. Íslenskar sögur um og eftir konur*, Helga Kress valdi sögurnar og sá um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning, 1977, bls. 11–35, hér bls. 14.
- ² Í safninu eru tuttugu og tvær sögur, og höfðu þrjár þeirra áður birst: „Skógar“ í *Melkorku* 2/1954, „Kosningar“ í *Þjóðviljanum* 25. apríl 1963, og „Vorsnjór“ í *Ný Dagsbrún* 1. maí 1969. Nokkrar af fyrstu sögum hennar eru þar ekki: „Öræfin“ (með undirtitlinum *Úr ferðabók*), í *Þjóðviljanum* 6. nóvember 1946, órsagan „Bókasafn“ í *Þjóðviljanum* 24. nóvember 1946, „Haust í sveit“ í *Þjóðviljanum* (Jólin) 22. desember 1946, „Notre Dame de Paris og fátæk kona“ í *Þjóðviljanum* (Kvennasíðu) 27. febrúar 1947, allar undir dulnefnum D., og „Í útlöndum“ (Saga eftir Drífu Thoroddsen) í *Melkorku* 1/1950. Athyglisverð eru



Ritíð

3. tbl. 25. árg. 2025 (219-248)

© 2025 Ritíð, tímarit Hugvísindastofnunar og höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.26.1.9
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

sögumaður. Í skáldsögunni og nokkrum smásagnanna er hún jafnframt listakona og/eða rithöfundur sem er að skrifa söguna, ýmist sem endurminningu eða meðan hún er að gerast. Þessi kona er mikið ein, hún sækist eftir því, til að geta skrifað, málað, teiknað. Sagan gerist mest í hugsunum hennar og hugleiðingum, oft heimspekilegum, þar sem hún sér sig ýmist að utan með augum hefðarinnar og samfélagsins eða að innan þar sem hún leitast við að vera hún sjálf, finna sér stað í tali og tungumáli. Stíllinn einkennist af nærskynjun og myndrænum lýsingum á því sem er nálægt og lítið. Um leið er hann írónískur, og ekki allur þar sem hann er séður. Oft beinist írónían að samskiptum kynjanna sem lýsa sér í hversdagslegum sviðsetningum og hnyttum orðaskiptum og kallast á við aðrar andstæður sem frásögnin byggir á, eins og borg-sveit, samfélag-náttúra, fortíð-nútið, húsmóðir-listakona, ytra líf-innra líf, hugsun-tal, vera kyrr-fara burt.³

II

Skáldsagan *Fjaldalslíja* hefst á því að listakonan, rithöfundurinn Halla, losnar eins og úr álögum, verkvíða, og fer að skrifa:

Ég hef fengið lítið ljóð aðsent og hefur það valdið mér þessum heilabrotum, heilli bók, sem ég er lifandi manneskja. Bara lítið ljóð sem skýrir nokkuð fyrir mér. Og ég fer að velta því fyrir mér hversvegna ég hafi ekki gert það sem var svo augljóslega rétt. Og gert þá hvað?

Ég er oft að hugsa þangað. Og nú hef ég fengið efnið í söguna aðsent, þetta sem mig vantaði til þess að fylla myndina.⁴

niðurlagsorð „Bókasafns“ við upphaf rithöfundarferilsins: „Eini galli bókasafnsins, fyrir utan rykið, er, hversu fljótt það færir okkur heim sanninn um, að við vitum ekkert, getum ekkert, og munum aldrei komast að neinu marki.“ (Bls. 3)

³ Um tvískipta sjálfsvitund, nærskynjun og myndmál smæðarinnar sem sérstök einkenni á bókmenntum eftir konur, sjá Helga Kress, „Kvennabókmenntir“, *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, ritstjóri Jakob Benediktsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1983, bls. 152–155, þar sem einnig er vísað í fræðirit um efnið.

⁴ Drífa Viðar, *Fjaldalslíja*, Reykjavík: Heimskringla, 1967, bls. 5. Upphafið minnr á skáldsöguna *Pan* (1894) eftir Knut Hamsun, þar sem „höfundurinn“ Glahn liðsforingi fær sendar tvær fuglsfjaðrir sem hrinda sögunni af stað: „Seinustu dagana hefur mjer ekki úr huganum farið sumarið á Hálogalandi, þar sem altaf er eilífur dagur. Jeg sit hjer og er að hugsa um það og um skála sem jeg hafðist við í og um skóginn bak við skálann, og jeg fer að skrifa sumt hjá mjer til þess að stytta mjer stundir og mjer til gamans.“ Knut Hamsun, *Pan. Blöð úr förum Tómasar Glahns liðsforðingja*, Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi þýddi, Reykjavík: Stúdentaráð Háskóla Íslands, 1923, bls. 7 o.áfr. Ýmislegt fleira í sögum Drífu minnr að breyttu breytanda á *Pan*.

Sagan sem hún fer að skrifa er *Fjaldalslíja* sem þannig verður saga um sögu, sjálfsaga, sögusögn.⁵ Ljóðið sem hrindir sögunni af stað er eftir hana sjálfa. Það er ekki lítið, eins og hún lýsir því tvisvar, heldur hvorki meira né minna en sonnetta. Það er að vísu „klúðurslegt“ (bls. 192), eins og Halla segir um það síðar þegar hún uppgötvar að það hefur verið frá henni tekið og annar eignað sér. Það byrjar hefðbundið á upphrópuninni „Ó“ og ávarpinu „þú“: „Ó, þú sem ég get ekki gleymt“ (bls. 5), og rímið styður sig við orð eins og dreymt-gleymt, ást-brást-þjást. Þannig verður það paródía á gamaldags kveðskap, en sjálf er Halla fyrir nútímaljóð.

III

Fjaldalslíja er tvískipt, sett fram í tveimur „bókum“, nokkurn veginn jafnlöngum, um 100 blaðsíður hvor. Í fyrri bókinni er Reykjavíkurstúlkan, unglingurinn Halla, send í sveit, til frænku sinnar á bænum Hvammi, vegna veikinda móðurinnar sem hún fær ekki að vita neitt um. Faðirinn kemur hvergi við sögu. Hún fær engar fréttir að heiman sem henni finnst vont. Hún fær heldur ekki að vita hvað hún á að vera lengi í sveitinni, þar sem hún vill bæði vera – og hlæja með vinkonu sinni og frænku, sveitastúlkunni Guðfinnu – og fara burt, heim. Hláturinn er blandaður gráti:

Ég fór að gráta sumarið sem við hlógum svo mikið. Mig langaði heim.
Mér fannst svo skrýtið að ég frétti ekkert að heiman. Hvenær átti ég
eiginlega að fara heim. Er sumarið aldrei búið? (Bls. 83)

Svo sterk er heimþráin að nálgast örvæntingu. Verst var að fá ekkert að vita, vera ráðstafað án eigin vilja og vitundar, send í sveit þar sem hún þekkir ekki neitt, aðskilin frá mömmu sinni og vinkonunum í borginni. Þöggunin er óbærileg og hún hyggur á hefndir:

Mér leiddist. Leiddist ég sjálf og tilveran. Hvað átti ég eiginlega að
gera ef þessu héldi svona áfram? Skera mig á háls? Eða hlaupa í ána.
Það væri maklegt á þá sem sendu mig frá sér og létu mig aldrei heyra
neitt frá sér. (Bls. 90)

⁵ Um hugtakið sögusögn eða sjálfsaga (e. *metafiction*), sjá ýtarlega grein Jóns Karls Helgasonar, „Deiligaldur Elíasar. Tilraun um frásagnarspeglar og sjálfgetinn skáldskap“, *Ritid. Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands* 3/2006, bls. 101–130, hér einkum bls. 102–107 og 128–130.

Þegar hún grætur af heimþrá hleypur hún upp í fjall, burt frá mannfélaginu: „Ég vildi ekki láta sjást að ég væri með ólund. Það þurfti enginn að vita að mér leiddist.“ (Bls. 90) Þarna fantaserar hún um að láta sig hverfa, komast niður á þjóðveg í veg fyrir bíl, en láta finnast fót eftir sig við ána svo að fólk héldi að hún hefði druknað. En það saknar hennar enginn og þegar hún kemur til baka spyr enginn hvar hún hefur verið. Um kvöldið verður hún áheyrsla að tali húsbænda, því sem ekki er ætlast til að hún heyri:

Hvað ef þetta lagast nú ekki heima hjá henni.

Hún má vera hjá okkur, segir frænka. (Bls. 91)

Það þyrmir yfir hana, ekki bara andlega, heldur einnig líkamlega. Hún liggur í rúminu, það er myrkur, sængin er köld og hún getur ekki sofð, haldin óskilgreindri hræðslu:

Það er nótt. Ég get eins vel verið dauð og hrekk upp við óljósan draum, veröldin órafjarlæg og stórt myrkur umhverfis mig og sængin mín ekki alveg nógu hlý; í myrkrinu dálítill hræðsla við eitthvað sem ég veit ekki hvað er. Hvaðan komum við og hvert förum við og hver er ég. (Bls. 91)⁶

Spurningarnar eru án spurningarmerkis, enda við þeim ekkert svar. Þannig ein-kenna spurningar orðræðu Höllu, bæði sem unglings og fullorðinnar. Þeim er sjaldnast svarað, jafnvel þótt hún ítreki: „En mig langar svo til að vita hvernig líður heima, ha frænka ha?“ (Bls. 103) Þarna er komið haust og þar sem hún fær enn ekki svar við spurningu sem varðar hana svo mjög ákveður hún upp á sitt eindæmi að fara heim. „Billinn sem keyrði mig hingað kemur brunandi.“ (Bls. 105) Halla á ekki fyrir farinu, en Bogi bílstjóri sér á henni aumur, og Halla er á leiðinni heim. Þar með lýkur fyrri bók.

⁶ Hjá Halldóri Laxness verður Salka Valka fyrir svipaðri reynslu. Hún er á sama aldri og Halla, og er einnig nýkomin á ókunnan stað, þegar henni finnst móðir sín hafa yfirgefið sig. Eins og Halla liggur hún ein í rúmi sínu um nótt, það er myrkur, og hún hugsar: „Að verða fullorðinn er að komast að raun um, að maður á ekki móður, heldur vakir einn í myrkrri næturinnar. Upp frá þessu átti hún enga móður. Kannske átti enginn maður móður. Kannske átti maður í rauninni engan að, nema sjálfan sig.“ Halldór Kiljan Laxness, *Þú vínviður hreini. Saga úr flæðarmálinu*, Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs, 1931, bls. 84–85.

IV

„Þú manst Halla mín, að þú getur alltaf komið til okkar aftur“ (bls. 103), segir frænkan í kveðjuskyni. Og það man Halla, því að nokkrum árum síðar, þá full-orðin, um tvítugt, snýr hún í sveitina aftur. Í þetta sinn kemur hún að eigin frumkvæði. Hún hefur verið í útlöndum að mennta sig en er nú á flótta undan borgarlífínu til að sinna listsköpun, teikna, mála, skrifa. Um það fjallar seinni bók, sem hefst eins og í beinu framhaldi af þeirri fyrri í rútbílnum hjá Boga.

Fjaldalslija gerist öll í endurminningum Höllu, í hugsunum hennar, hugleiðingum og túlkunum, þar sem bækurnar tvær flæða saman á skrifandi stund. Ungu frænkurnar tvær, þær Halla og Guðfinna, eins konar tvífarar, eru líkar og ólíkar í senn. Önnur vill giftast og verða bóndakona, hin er á móti hjónabandi og ætlar að verða listakona. Langamma þeirra beggja er Guðfinna frá Klömbrum, „skáldkonan“, sem að sögn nöfnu hennar, Guðfinnu yngri, „var svo hagnæmt að afi skildi við hana“ (bls. 95).⁷ Báðar fást þær frænkur við skáldskap, þótt lítið fari fyrir ljóðum Guðfinnu, enda markmið hennar að giftast. Annað sem sameinar þær, en sundrar um leið, er að báðar eru þær skotnar í sama stráknum, Andrési, bóndasyninum á Hóli, höfuðbólínu sem Guðfinna kynnir svo fyrir Höllu þegar hún kemur í sveitina fyrst:

Þekkirðu ekki Hól, segir hún og bendir á næsta bæ. Þar býr Jón og kona sem heitir Sigurbjörg og er skáldmælt og fer dult með.

Gvendur minn, segi ég, hvað er nú það.

Hún vill ekki að neinn heyri kvæðin.

Til hvers er hún þá að yrkja? (Bls. 18)

Það er ekki aðeins að Halla festi sig við þetta orðasamband, „að fara dult með“, sem hún á eftir að velta fyrir sér frá ýmsum sjónarhornum, hún er mjög upptekin af tungumáli og túlkunum, málnotkun og merkingu orða, enda verðandi rithöfundur. Þannig tekur hún til dæmis eftir að raddir ungra kvenna „breytast fljótt í hlátur þegar þær segja eitthvað“ (bls. 116), orðin leysast upp, líkamstjáning tekur við. „Að fara dult með“, láta ekkert uppi, verður jafnt leiðarminni í sögunni sem leiðarhnoða fyrir Höllu í leit að sjálfri sér. Það er farið dult með allt, ekki bara skáldskap, heldur einnig staðreyndir, atburði, skoðanir, samskipti, tilfinningar, og

⁷ Hér er vitanlega vísað með umsnúningi í skáldkonuna Guðnýju Jónsdóttur frá Klömbrum (1804–1836), en ljóð hennar, „Endurminningin er svo glögg“, sem birtist að henni látinni í *Fjölni* 1837, er það fyrsta sem prentað var eftir íslenska konu. Sjá m.a. Helga Kress, „Kona og skáld“, í *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1997, bls. 13–102, hér bls. 36–39.

ekki síst sjálf sig. Þannig háttar sveitastúlkan Guðfinna sig undir sæng, vill ekki láta sjá líkama sinn. Kvenlíkaminn er feimnismál:

Hversvegna háttarðu undir sæng?
Hún svarar ekki.
Er það til þess að fara dult með? (Bls. 19)

Vinkonan svarar ekki, það er þögn, og Halla reynir að svara sjálfri sér með annarri spurningu, án þess þó að verða nokkru nær. Það skiptir hana öllu máli að skilja hvað það er sem farið er dult með, og hún víkur aftur að þessari dularfullu skáldkonu sem enginn hefur heyrt neitt eftir, ef svarið kynni að leynast hjá henni, og hún spyr:

Hvað hefur svosem þessi Sigurbjörg á Hóli sem fer dult með gert fyrir sveitina annað en fara dult með? (Bls. 20)

Eina svarið sem hún fær við þessu frá Guðfinnu er að Sigurbjörg hafi komið upp sveitarbókasafni. „Ég fer þangað til að fá mér bók,“ segir hún, „Andrés afgreiðir stundum.“ Þarna er Andrés meira atriði en bæði skáldkonan og bókin fyrir Guðfinnu, og Halla heldur áfram að spyrja, vongóð:

Er hann líka skáldmæltur og fer dult með?
Svo er sagt.
Þessi sveit er skáldahreiddur. (20)

En Andrés, „sem ber af öllum ungum piltum í sveitinni“ (bls. 20), er ekki skáld. Hann þarf því, löngu seinna, að stela ljóði eftir Höllu og gera að sínu. Ljóðið hefur hann farið með í eigin nafni fyrir Guðfinnu. Hún fer svo aftur með það fyrir Höllu sem kannast við stefið:

Ó, þú sem ég get ekki gleymt.
Hvað sagðirðu, segi ég hvumsa.
Ég segi það ekki aftur. Mér var sagt það í trúnaði.
Ég lét ekki uppi að þessi klúðurslega setning væri eftir mig. En ég vissi ekki hann þyrfti að ræna annarra ljóðlínunum. Það er þá svona sem farið er dult með. (Bls. 192)

Hér stelar karl ljóði eftir konu og stærir sig af, ekki einsdæmi í bókmenntasöggunni.⁸ Við þessu bregst Halla með þögn, en hugsar sitt, fer sjálf dult með.

⁸ Sjá m.a. Helga Kress, „Kona og skáld“, bls. 60–61.

„Skáldahreiddið“ í sveitinni reynist einkum gert úr „Númarímum“ eftir Sigurð Breiðfjörð sem kvæðaþulur sveitarinnar, bóndinn Valdimar, fer gjarnan með fyrir unglíngling Höllu, henni til huggunar og gleði, og fer ekki dult með:

Númi undrast, Númi hræðist,
Númi grundar, hvað til ber;
Númi skundar, Númi læðist,
Númi undan vikur sér.

„Það verður allt gott“, hugsar hún, „þegar ég hlusta á kveðskapinn er hann fallegasta hljómlist í eyru mér.“ (Bls. 104) Og svo hrifin er hún af kveðskapnum, að það er engu líkara en hún stígi út úr sögunni sem höfundur sinn og fari að prédika:

Hættu aldrei að kveða, Valdimar. Rödd landsins [...]. Láttu kvæðalög-
in smjúga innum hverja gátt, í hvert eyra, verða á hversmanns tungu.
Númi undrast, Númi hræðist, Númi grundar hvað til ber. Er til meira
bjartsýniskvæði á íslenzka tungu? (Bls. 104)⁹

En það „varð gæfa þessarar sveitar“, segir Guðfinna, „að Jón fékk Sigurbjargar“, því að það var „hún sem kom á fót bókasafninu“ (bls. 28), og án þess að gera sér grein fyrir því stefnir hún þögguduðum skáldskap kvenna gegn háværur karla-
kveðskapnum:

Hún hefur kennt okkur að fara dult með. Þeir voru áður fyrir að blása
sig út og belgja með vísur; en hún lætur engan heyra það sem hún
yrkir. (Bls. 28)

Bróðir Guðfinnu er Bjössi, mikill bókamaður og lestrarhestur, sem hefur verið við nám fyrir sunnan og fengið það verkefni „að telja smáorð í sendibréfum barna“ (bls. 136). Yfir þessu sér systirin Guðfinna ofsjónum og ber sig grátandi saman við hann:

⁹ Í greininni „Rímur og þjóðlög“, sem birtist í *Melkorku* 3/1956, bls. 71–75, segir Drífa Viðar frá gamalli konu sem hún heyrði kveða í litlu steinhúsi uppi í sveit: „Áhrifin voru seiðmögnuð. Þetta var hinn íslenzki tónn, sem hafði nærst hér, fest rætur og staðnað. Þetta var rödd, sem hljómað hafði eins um aldir og máttu heyra forneskju í hljómunum. Við erum í þann veg að slíta sambandinu.“ (Bls. 72) Í þessari grein vitnar hún í nokkrar sömu vísur og hún gerir í skáldsögunni síðar. Sjá einnig „Fagarar heyrði jeg raddirnar“, efnismikla grein í *Lesbók Morgunblaðsins* 9. maí 1943, bls. 138–140, sem Drífa skrifaði rétt tuttugu og þriggja ára gömul og er það fyrsta sem eftir hana birtist á prenti.

Það er bara Bjössi. Alltaf Bjössi. Og hvað eins og hafi orðið úr honum Bjössa. Hefur haft atvinnu af að telja smáorð í sendibréfum barna á veturna. Og þarf að borga með honum. En ég á aldrei peninga. Og hann sem átti að verða eitthvað mikið, vísindamaður eða ég veit ekki hvað. Smáorð. Ha ha. Uhuhuhu. (Bls. 163)

En Halla hefur engan áhuga á málvísindamanninum Bjössa, bara Andrésí, syni skáldkonunnar. Þannig kemst hún næst henni, og kannski er hann líka skáld og fer dult með. Bjössi „hefur líka lesið allt sveitarbókasafnið og meira,“ segir Guðfinna, enda hafi strákar meiri tíma til að lesa en stelpur. Við þessu bregst Halla með því að ítreka að hún ætli aldrei að giftast, og „oj sen bara“, verða húsmóðir og „elda mat og þvo þvott með húsmóðurstunu“ (bls. 20).

V

Í athyglisverðu bréfi til Ingibjargar Johnson, ritstjóra vestur-íslenska blaðsins *Lögbergs-Heimskringlu*, vikur Drífa sem oftast að andstæðu heimilisstarfa og ritverka og talar af eigin reynslu. Bréfið birti Ingibjörg í dálkinum „Áhugamál kvenna“ með þessum formálsorðum: „Hér fer á eftir kaffi úr bréfi frá frú Drífu Viðar, hún hefir vald á afar skemmtilegum penna og vænti ég að henni mislíki ekki þótt ég birti lýsingar hennar af flutningum í leyfisleysi, en hún bregður þar upp skýrri mynd, er margar konur kannast við.“ Bréfið dagsetur Drífa 18. okt. 1962, og hún byrjar á því að afsaka sig:

Kæra Ingibjörg,

Ég ætlaði að vera búin að skrifa þér fyrir löngu en það tókst svo til að ég var að flytja heimili mitt og það var býsna umfangsmikið a.m.k. svo, að ég hef ekki getað snert á penna í lengri tíma.

Ég var nú ekki að flytja langt, bara úr Barmahlíð inn að Sundlaugum, en það er nóg. Það er svo mikið af óþarfa sem fylgir hverju heimili og heil ósköp af gömlum fatnaði (af fjórum börnum) sem maður finnur á háaloftinu. Já, og drasli, flöskum, spýtum, skófátnaði og málverkum, húsgögnum, áhöldum, brotnum og brákuðum leirmunum. Heimilið manns er safn muna, mestmegnis ofnotaðra eða hálfnotaðra muna, sem verða svo raunalegir og umkomulausir þegar þeim er komið fyrir í sendiferðabílum og keyrðir eftir götunni. Svo eru þeir fluttir í ný húsakynni og þar kunna þeir alls ekki við sig í byrjun en fara svo að hagræða sér og maður hættir að taka eftir því að nokkur

breyting hafi átt sér stað. Enda eru þetta dauðir hlutir. Og svona mun þetta vera meira og minna á hverju heimili í heiminum.¹⁰

Hér er það einkar athyglisvert að „málverkin“ tilheyra draslinu á háalofinu, flöskum, spýtum og brákuðum leirmunum, og dyljast þar eins og ekkert sé.

Þessi karnivalska lýsing gæti staðið sem örsaga um ógnarvald hlutanna, persónugerðra, sem láta þó að lokum að stjórn og sætta sig við hlutskipti sitt. Þeir leika hins vegar lausum hala og beinlínis ráðast á húsmóðurina í einni af fyrstu sögum Svövu Jakobsdóttur, „Verkamaðurinn“, í *Tólf konur* frá 1965, sem svo hefst: „Stundum fannst henni uppþvottavatnið ólga í hálsinum á sér og óhreinir, kámugir diskar frá þrjúþúsundsexhundruðögfimmtú liðnum dögum riða í loftháum stöflum á eldhúsbekknun, reiðubúnir að kasta sér á hana og grafa hana undir.“¹¹

Er nokkuð á móti húsmóðurstöðunni? hafði Drífa áður spurt í skeleggri baráttugrein gegn „kvennablöðunum“ frá 1961 og svarað sér sjálf: „Það verður að vera hægt að lifa andlegu lífi, jafnvel fyrir kvenfólk.“¹²

VI

Leiðin til skáldskapar liggur um skáldkonuna Sigurbjörgu og Höllu langar mikið til að heyra eftir hana þótt ekki væri nema eina vísu. Það gæti gerst í berjamó þar sem Sigurbjörg er með í för, „með dularhreifum í röddinni“ (bls. 97), og situr hest sem hún kallar Óðin, eftir guði skáldskaparins:

Þarna var þá skáldkona sveitarinnar. Skyldi hún ekki einmitt vera að yrkja núna? Bara að hún vildi fara með eina vísu eftir sig. Bara eina. En hún létur ekkert uppi. (Bls. 97)

Við berjatínsluna fylgist Halla vel með Sigurbjörgu sem gáir varla í lyngið en horfir til fjalla. „Hér eru engin ber,“ segir skáldkonan, og sér bara tvö. „Nú er Sigurbjörg að yrkja, hugsa ég.“ (Bls. 98) En hún er þá bara að gá hvort hún sjái ekki í norður, af því hún er að norðan. Í áningarstað sér Sigurbjörg um að hita kaffi og hefur kveikt upp í hlóðunum:

¹⁰ Ingibjörg Johnson, „Kaffi úr bréfi“, *Lögberg-Heimskringla*, 25. október 1962, bls. 5.

¹¹ Svava Jakobsdóttir, *Tólf konur*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1965, bls. 63.

¹² Drífa Viðar, „Um kvennablöð, leikhús og leiklist“, *Melkorka* 3/1961, bls. 78–81, hér bls. 79.

Sigurbjörg situr við hlóðirnar og kveður vísu. Ætli það sé loksins eftir hana? Fram á reginfjallaslóð firðar ljótir búa, raular hún ópersónulega dimmri rödd, þurrlegri. (Bls. 99)

En því miður er vísan ekki eftir Sigurbjörgu, heldur kveður hún þarna digrum karlarómi línur úr barnagælu Guddu í *Skugga-Sveini* eftir karlskáldið Matthías Jochumsson. Það veit Halla ekki og sagan lætur það heldur ekki uppi, fer dult með. Á heimleiðinni sér Halla það á lengdar að Sigurbjörg leikur á als oddi, masar og hlær og fer með sögur að norðan og ljóð sem Halla ekki heyrir.

Andstæða Sigurbjargar sem lætur ekkert uppi er Bakkakonan Ólöf sem er hnýsin og fer með sögur milli bæja. Þegar hún er eitt sinn nýfarin frá Hvammni tala þau um hana í eldhúsinu:

Hún er verri en Sheheresade í 1001 nótt, sagði Bjössu sem kom ofan stígann og hafði haldið sig uppi á lofti allan tímann með bók.

Hitt fólkið talar heldur lítið, segi ég. Það er sökum þess, bæti ég við spekingslega, að það hefur lært að fara dult með.

Hvað segir telpan, segir frænka kímín. Þetta hefur hún heyrt okkur segja.

Þetta er sagt um Sigurbjörgu. Fer hún ekki dult með?

Hún flíkar ekki sínu.

Mikið langar mig, sagði ég, til að geta ort og farið dult með. (Bls. 42)

Halla vill vera nútímaljóðskáld en það hentar ekki sveitinni. Þegar hún eitt sinn í storkunarskyni fer með nútímaljóð eftir sjálfa sig, sem byrjar svo: „Ferhrynnd kúla / hnattlaga ferhrynningur / þverröndótt fjall – “ (bls. 121–122), fússar kvæðamaðurinn:

Á þetta að vera kveðskapur, segir Valdimar sem hefur hlustað þrátt fyrir allt.

Ég heyri strax að þetta ljóð á ekki heima hérna í réttinni. Féð er orðið vant bundnu máli. (Bls. 122)

Þetta nútímaljóð, sem er augljóslega paródía á sjálft sig, eins og sonnettan áður, minnir á „Tímann og vatnið“ eftir Stein Steinarr. Það er eftirlíking sem sýnir að Halla er enn leitandi, hún hefur ekki fundið sjálfa sig í skáldskapnum, og hún er heldur ekki ánægð með sig. Ljóðið er „með annarlegum hreim“ og lækurinn „sönglar ekki við það“ (bls. 122). Eftir að hafa farið með annað nútímaljóð fyrir Andrés, það sem hann svo eignar sér, hugsar hún:

Það er lítið varið í ljóðin mín, en alltaf er ég samt að yrkja.
Ég sé eftir að hafa þulið ljóðið. Ég er eins og þeir í útlöndum sem
kunna ekki að fara dult með. (Bls. 132)

Að fara dult með er samkvæmt þessu íslenskt fyrirbrigði, þaggaður skáldskapur, sem ekki á að heyrast, kvennaskáldskapur?

VII

Halla er öll í skáldskap sem hún bæði heyrir og sér í náttúrunni: „Litli duglegi lækur þú ert skáld og yrkir um það sem þú sérð á leið þinni til sjávar.“ (Bls. 53) Í sendiferðunum með bitann handa fólkinu í heyvinnunni semur hún í huganum hverja skáldsöguna á fætur annarri:

Sólin skín á milli hryðja í mýri og það er hlýtt að ganga götuslóð-ann. Ég held á klútnum með kaffinu og bitanum fólksins. Það eru oft stórar flatökusneiðar. Sólin gefur mér svo margar hugmyndir í sögur þarna á götuslóðanum. Ég held ég hafi fengið hugmyndir í 7 skáld-sögur á leiðinni þessa daga sem unnið var í mýri og sögurnar voru í anda danskra ungpíurómana. Ein var um munaðarleysingja, önnur um sígojnastrák, ein var um prakkarastelpur á heimavistarskóla. Nú er ég búin að gleyma efninu. Allar þessar sögur fóru forgörðum, eða öllu heldur eins og sagt er hér í sveit, urðu til. Urðu til þarna á götuslóð-anum þegar sólin skein og ég var að færa. Ég held samt lítið hafi gert til um söguna um sígojnadreginn. Hvað þá um munaðarleysingjann. (Bls. 72)

Hugmyndirnar sem „verða til“ á götuslóðanum, „verða til“ í ritverkinu, fara þar forgörðum, eins og Drífa orðar það sjálf í ritdómi sem áður er vitnað til. Svo merkingarbær notkun tvíræðra orða og orðasambanda einkennir stíl *Fjaldalslíju*. Danskir ungpíurómanar minna svo á nafngiftina „kerlingabækur“ um skáldsögur eftir konur, sem írónísku andsvari við umræðu sem náði hámarki á sama tíma og *Fjaldalslíja* var í smíðum. Hvort heldur eru ungar eða gamlar skrifa konur samkvæmt þessu lélegar bókmenntir, miðaðar við aldur og kyn, ætlaðar bara konum og lesnar af þeim.

Við þeirri umræðu brást Drífa Viðar í ritdómnum „Þrjár bækur“ sem birtist í *Þjóðviljanum* 12. desember 1964.¹³ Hún hafði þá ekki skrifað ritdóma um nokk-

¹³ Drífa Viðar, „Þrjár bækur“, *Þjóðviljinn*, 12. desember 1964, bls. 4. Um „kerlingabækur“,

urt skeið, en getur nú ekki orða bundist. Fjallar ritdómurinn um bækur eftir þrjár konur, þær Líneyju Jóhannesdóttur (*Í lofti og læk*, 1962), Helgu á Engi (*Út úr myrkrinu: Ævisaga Helgu á Engi*, 1963) og Jakóbínu Sigurðardóttur (*Punktur á skökkum stað*, 1964), og hefst hann svo með dæmigerðri afsökun:

Ég hef lengi ætlað mér að skrifa nokkur orð um bók Líneyjar Jóhannesdóttur, - Í lofti og læk, sem kom út fyrir tveimur árum, en það hefur lent í útideyfu. Þegar ég svo las um daginn margar tilvitnanir í mörgum blöðum um það hve duglegt kvenfólk væri að skrifa og sumt léti frá sér fara lélegar bækur, fannst mér tími til kominn að vekja athygli á því sem konur hafa vel gert, þess skal getið sem gert er.¹⁴

Helga á Engi skrifaði sögu sína ekki sjálf, það gerði (karl)höfundurinn og ritstjórinn Gísli Sigurðsson, eins og skýrt er tekið fram á titilsíðu: „Helga á Engi. Skrifað hefur Gísli Sigurðsson.“ Hún er viðfangsefni, ekki höfundur. Um það hefur Drífa að segja þessi athyglisverðu orð, sem hún að breyttu breytanda kemur oftar að í pistlum sínum:

Helga á Engi lætur aðra persónu skrásetja bókina fyrir sig. Sjálf hefði hún skrifað þessa bók fyllri. Fólk sem gætt er ríki frásagnargáfu á ekki að gefa burt sögu lífs síns öðrum til þynningar. Helga kann eflaust að stýra penna sjálf jafn vel og hún kann að segja frá. En líklega hefðum við aldrei fengið sögu Helgu hefðum við beðið eftir því að hún segði hana sjálf.¹⁵

sjá grein mína, „Bækur og ‘kellingabækur’. Þáttur í íslenskri bókmenntasögu“, *Tímarit Máls og menningar* 4/1978, bls. 369–395.

¹⁴ „Útideyfan“ sem Drífa nefnir svo gæti meðfram stafað af því að hana vantaði vettvang, en útgáfu *Melkorku*, tímariti kvenna, var fyrirvaralaust hætt eftir að Mál og menning tók við henni, og komu síðustu tvö tölublöðin út saman í einu hefti í desember 1962. Fyrsta tölublað ársins kom út í apríl með tveimur ritdómum eftir Drífu, bls. 16–17, annar um *Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* eftir Ástu Sigurðardóttur og hinn um *Æðarvarpið* eftir Líneyju Jóhannesdóttur. En Drífa hafði frá 1946 að jafnaði skrifað bæði viðtöl og umfjöllun um myndlistarkonur og ritdóma um bækur eftir konur fyrir *Melkorku*. Nokkra ritdóma um verk eftir karla birti hún hins vegar í *Tímariti Máls og menningar*; þrjár 1954 og einn 1957, en enga þar um verk eftir konur. – Um formleg einkenni á nokkrum ritdómum Drífu, meðal annars um ljóðabók Arnfríðar Jónatansdóttur, „Þröskuldur hússins er þjöl“ í *Melkorku* 1/1959, bls. 13–14, og hvernig Drífa samþættar „tilfinningar og vísindalega hugsun“, sjá Auður Aðalsteinsdóttir, *Þvilkar ófreskjur. Vald og virkni ritdóma á íslensku bókmenntasviði*, Sæmundur: Selfossi, 2021, bls. 301–302, 498–499.

¹⁵ Að þessu vísar hún meira að segja í barnasögu, „Strákarnir í Vesturbænum“, sem hún birti undir eigin nafni í dálkinum „Óskastundin“, sem Vilborg Dagbjartsdóttir ritstýrði,

Ritdómnum lætur blaðið fylgja rúmlega tveggja dálka mynd af Helgu á Engi á hestbaki með þeim upplýsingum að hún hafi „löngum haft mikið yndi af hestum og hestamennsku“.

Hvað varðar „ungpiúrómana“ má einnig minna á „dönsku blöðin“ sem einkum og aðallega voru lesin af konum, einnig auglýsingar um „bækur fyrir ungar stúlkur“, bæði frumsamdar og þýddar, sem voru áberandi í blöðum og á bókakápum á ritunartíma sögunnar. Þannig auglýsir til að mynda bókaútgáfan Hildur skáldsöguna *Saklaus* eftir danska karlhöfundinn Ib Cavling í *Vísi* 21. desember 1965, bls. 4: „Margoli heitir unga stúlkan með gullrauða hárið, sem er söguhetjan í þessari ástarsögu Cavlings. Nútímastúlkan er viðfangsefni Cavlings og fáir kunna jafnvel að lýsa lífi hennar í blíðu og stríðu, ástargleði hennar og sorgum . . . Spannandi ástarsaga fyrir ungar stúlkur.“ Gert enn meir spennandi með leyndardómsfullum þremur punktum. Um afkastamikinn kvenrithöfund á þessu sviði segir í *Íslendingi* 1. desember 1961, í dálkinum „Bækur og rit“, bls. 5: „Ingibjörg Sigurðardóttir er þegar búin að skrifa margar bækur fyrir ungar stúlkur, sem þær lesa með áhuga, enda þótt sögur Ingibjargar snúist ekki um kynbombur (þokkadísir), heldur venjulegar, íslenskar sveitastúlkur, og yfir flestum sögum hennar hvílir hin íslenska sveitarómantúk, sem tekin er að fara í taugarnar á ýmsum.“ Rúmum mánuði síðar, eða þann 5. janúar 1962, kemur það fram í sama blaði, undir fyrrisögninni „Góð bóksala, segja útgefendur“, bls. 8, að bækur Ingibjargar (hún gaf út tvær á árinu) hafi selst upp hjá forlaginu (Odds Björnssonar) fyrir jól.

í *Þjóðviljanum* 11. og 18. apríl 1959, bls. 9. Eftir að hafa sagt frá prakkarastrikum strákanna, sem ýmislegt bendir til að séu synir hennar, dregur hún þessa ályktun í lokin: „Af Mumma og bræðrum hans fara sögur sem fylla mættu bækur, en af því að þeirra líf er leyndardómur sem fáir geta hnýstst í til fulls, mun það ekki verða á mínu færi að skrifa þær bækur. Nema öðruvísi rætist úr.“ – Í ýtarlegum ritdómi um eina fyrstu bók Jakobínu Sigurðardóttur, *Kvæði* (1960.) sem birtist í *Þjóðviljanum* 18. desember 1960, bls. 7, saknar Drífa pólitísku kvæðanna sem Jakobína sé þekktust fyrir og gagnrýnir þau sem eru í bókinni fyrir að vera „nokkuð staðbundin og starfsbundin“. Sem dæmi tekur hún, þótt undarlegt megí virðast, kvæðið „Heimsókn gyðjunnar“ (fer því miður rangt með nafnið) sem sé „frekar heimildarit um það en önnur kvæði bókarinnar.“ Um það vitnar hún í orð skáldkonunnar í kvæðinu sem svo kveður gyðjuna sem hafði vitjað hennar í húsverkunum: „fyrst vandkvæði dagsins, svo vandamál þitt, það virðist mér náttúrleg röð, segir hún við skáldgyðjuna.“ Þetta þykir Drífu ekki „efní brag“ svo vísað sé til annars kvæðis Jakobínu, „Náttmál“, í sömu bók. Er þetta þeim mun furðulegra sem „Heimsókn gyðjunnar“ birtist fyrst í kvennatímaritinu *Melkorku* 1955, og spurning hvort pólitísku baráttuljóðin sem Drífa saknaði hafi hér skyggt á. Að kvæðin urðu ekki betri kennir hún svo í lokin aðstæðunum, sem hún sjálf að öðru jöfnu samsamar sig: „Gæta verður þess að ljóð þessarar bókar eru ort á löngu tímabili og mörg þeirra í önn dagsins. Skáldkonan hefði eflaust gert annað og öðruvísi við ólíkar aðstæður.“

Athyglisvert er að Halla undanskilur söguna um prakkarastelpurnar í heimavistarskólanum frá þeim tveimur sem hún segir að lítið geri til þótt farið hafi forgörðum, þá um munaðarleysingjann og sígaunastrákinn, hvort tveggja reyndar samfélagsleg jaðarfyrirbrigði á borð við konur á þessum tíma. Þannig má ef til vill líta á þá stelpusögu sem drög, eða hugmynd að þeirri sem hún á skrifandi stund er að skrifa, um þær stelpur Guðfinnu og Höllu. „Svo eru til dæmis sögurnar um kónguló og járnsmið,“ rifjar hún upp, „þessi litlu jarðbundnu dýr sem hlaupa fyrir fótunum á okkur tvífætlingunum.“ (Bls. 73) Drög að þeim er kannski að finna í nokkrum bestu smásögnum í *Dagar við vatnið*, í augljósum textatengslum við *Fjaldalslíju*.

VIII

Það er mikið um bíla í sögum Drífu, áætlunarbíla, flutningabíla og vörubíla. Í *Dagar við vatnið* er sagan „Flutningabíll“, sem gæti verið aðdragandi *Fjaldalslíju*, en þar situr ung Reykjavíkurstúlka á vörubílspalli, innan um hringlandi mjólkurbrúsa og farþega sem ríghalda sér í grindur bílsins, sveitafólk á leið í sína sveit, hún úr borginni, ófús:

Ég hef séð þessa bíla aka um stræti með hárrí grind og beljum eða kindum aftaná. Það er aldrei góðs viti fyrir skepnur að standa aftaná bíl með hárrí grind.¹⁶

„Þarna er ég nú niðurkomin,“ hugsar hún og reynir að fela andlit sitt með ferðatöskunni þegar skólasytkinum hennar bregður fyrir á götunni, „uppdubbuðum“ (bls. 21), en hún eins og hver annar kvikfénaður á leið til slátrunar. Það er mikil stemning á pallinum, bölvað, kvartað og ragnað, og á það hlustar hún, utanveltu. Á leiðarenda kveður hún samfarþegana sem eftir sitja með handabandi og gengur með töskuna sína moldarveginn heim að bænum.

Fyrstu sögurnar í *Dagar við vatnið*, „Bý“ og „Pastorale“, gætu verið framhald *Fjaldalslíju*, en þær fjalla um listakonu, rithöfund og listmálara, sem leigir sér eyðikofa í afskektri sveit til að vera þar ein, skrifa, teikna, mála. Til þeirra heyrir einnig sagan „Moldrok“, þótt staðsett sé síðar í bókinni, og mynda þær eins konar trúlógi, sjálfögur eins og skáldsagan, sagðar í fyrstu persónu frá sjónarhorni konu sem jafnframt er sögumaður.

Þetta eru stuttar sögur, um 15 blaðsíður alls. Viðfangsefnið átti hins vegar eftir að breiða úr sér í ekki síðri snilldarverkum Gyrdís Eliassonar, skáldsögnum

¹⁶ Drífa Viðar, *Dagar við vatnið*, Reykjavík: Heimskringla, 1971, bls. 21.

Sandárbókin (Akranes: Uppheimar, 2007), *Suðurglugginn* (Akranes: Uppheimar, 2012) og *Sorgarmarsinn* (Reykjavík: Dimma, 2018) um listmálarann, rithöfundinn og tónskáldið sem hver um sig leigir sér yfirgefið hjólhýsi/hús á afskekktum stað í von um að geta þar málað, skrifað, samið. Allar eru þær sjálfsögur eins og sögur Drífu og efnisatriði mörg þau sömu. Má þar meðal annars nefna árs-tíðirnar, tímenn, rigninguna, kuldann, uppkveikjuna, myrkfælnina, eyðileikann, einsemdina, eirðarleysið, bílana, göngurnar, innkaupin, skortinn, verkkvíðann, nærskynjunina, truflunina og óskilgreindan óhugnaðinn. Undirtitill þeirrar fyrstu er „Pastoralsónata“ sem minnir á titilinn „Pastorale“ á sögu Drífu, hvort sem það er tilviljun eða meðvitunð vísun.

Fyrsta sagan í *Dagar við vatnið* nefnist „Bý“ og hefst hún svo (á myndmáli smæðarinnar):

Gamlar kóngulær hrukku upp úr vetrarlöngu friðarríki sínu og horfðu skelfdar á vefina sína togna, skekkjast og slitna. Það var bara ég sem kom í kofann og hratt upp útidyrhurðinni. Það marraði í hjörum. Inni var fúkkalykt og dimmt, því hlerar voru fyrir gluggum og sagginn hafði safnast fyrir allan veturinn í gólfi, þili og lofti. Ég fálmaði mig áfram í áttina til ofnsins og þreifaði á honum. Síðan fór ég út og tók hlerana frá gluggunum. Nú getiði líka fengið ofbirtu í augun gömlu kóngulær [...]. Það er ég sem ætla að búa hér ein, langt burtu frá mannfélaginu. (Bls. 7)

Um leið og hún gengur inn í kofann gengur hún inn í söguna og sögurnar þrjár. Þær eru eftir hana. Kóngulærnar sem eiga heima í kofanum og hún truflar, eru listakonur, vefkonur, óttaslegnar, eins og hún sem slítur vefina þeirra, og þær eru gamlar! Eins og víðar í sögum Drífu er kuldi og kalt vor, „ískalt vor“ (bls. 8). „Það er aldrei vor á Íslandi,“ segir í sögunni „Sumardagurinn fyrsti“, og „næðingur þess dags er verri en vetrarnæðingur, af því að menn búast við svo góðu af honum.“ (Bls. 73)¹⁷ Eins og víðlag er ljóðið „Kalt vor“ sem birtist í *19. júní* 1966:

Nú er vetur um sumar
og þótt jörðin sé stráð litlum blómum
þá grænkar ekki á fjallinu.
Grasið sprettur í nætursólskininu.
Hvítu gras.¹⁸

¹⁷ Sagan „Sumardagurinn fyrsti“ birtist einnig í *Draumur um veruleika*, bls. 139–142.

¹⁸ Drífa Víðar, „Ljóð“, *19. júní* 1/1966, bls. 32.

Nafnlaus listakonan er þarna komin til að skrifa skáldsögu. Hún kveikir upp í deigum kolamolunum, opnar glugga og kýs sér hallandi borðskrifni við einn þeirra sem vinnuborð „og vissi að hér myndi ég fá frið til að skrifa“ (bls. 7).¹⁹ En hún verður fyrir truflun. Hún heyrir suðað og lamið á eina rúðuna, og sér hvar býfluga hefur laumast inn með góða loftinu: „Hún situr á haus, lóðrétt á rúðunni, lárétt í herberginu og suðar svo grimmilega að hún gæti brotið rúðuna í ósköpunum.“ (Bls. 9) Hún veit ekki að það er hægt að laumast út aftur og ólmast á rúðunni:

Hún hefur sig til flugs og svífur frá suður yfir á norðurgluggann og þurrkar sér þar í framan. Síðan hefur hún árás á norðurgluggann og lætur enn illilegar en í fyrra skiptið. Hún virðir austurgluggann að vettugi, flýgur út í mitt herbergið og nálgast mig. Ég tek undir mig stökk og hleyp út um dyrnar og fram í gang, stend þar lengi og bið þess að árásinni sé lokið. (Bls. 9)

Þegar listakonan vogar sér inn aftur liggur flugan í gluggakarminum og bærir ekki á sér, „örþreytt eftir hamaganginn eða þá hún er að drepast“ (bls. 9). Hún horfir á dauðastríð hennar, hvernig hún reynir að reisa sig á fætur án þess að vera þess megnug. „Hin voðalega skepna er vanmegnugt dýr sem er að deyja.“ (Bls. 10) Við þennan atgang er eldurinn dauður, henni er ískalt, og hún fer að háttu. Morguninn eftir er flugan dauð og önnur að lofnast út af í gluggakarminum. Konan lokar öllum gluggum, kveikir sér í sigarettu og fer „að glíma við skáldsöguna“, leika sér að „persónum, lifandi og dauðum“ (bls. 10) sem eiga að koma þar fyrir. Hún gengur um gólf og reykir svo mikið að henni liggur við köfnun af tóbaksreyk. Þá opnar hún glugga og dyr til að hleypa reyknunum út og fá inn ferskt loft:

Óðar en varir streymir inn býflugnasveimur með suði. Þær sveima um í blindni, suða illilega á rúðunum og stanga þær góða stund. Sumar komast út aftur, aðrar finna ekki dyrnar og detta útaf á gólfinu eða gluggakarminum. (Bls. 10)

¹⁹ Þess má hér geta að eitt af fallegustu olíumálverkum Drífu, og jafnframt dularfyllsta, ber nafnið „Konan mín í kofanum“ og sýnir bakhlið konu, að því er virðist við vinnuborð og/eða trönu, nema það sé handrit eða spegill. Eign Listasafni Íslands, LÍ-1570. Má sjá í Sarpi, gagnasafni á vegum Þjóðminjasafns Íslands.

Í lok *Sandárbókar* Gyrðis Eliássonar verður listmálarinn fyrir svipaðri reynslu af kæfandi lofti sem hann hefur valdið sjálfur, við lokaðar dyr. Hann fyllir steinolúufn af olíu og þrýstir á til þess gerðan hnapp:

Fljótlega hlýnar inni, loftið verður smám saman dálítið þungt, og ég sit áfram í stólnum.

Dyrnar eru mjög vel lokaðar.

Ég er aftur orðinn þreyttur og loka augunum.

[...]

Nú er orðið notalega heitt í hjólhýsinu. Ég er orðinn mjög syfjaður, sé hverja myndina af annarri líða framhjá í huganum. Þær eru allar ómálaðar. Samt eru þetta mínar myndir.

[...]

Ég er alveg að sofna. (Bls. 117–118)

Þannig lýkur *Sandárbókinni*, og listmálaranum sennilega líka. Listakonan við upphaf sögu sinnar opnar hins vegar bæði glugga og dyr en liggur við gráti. Það líða nefnilega fyrir augum hennar suðandi býflugnasveimur, tákmyndir ólokinna orða, mynda.

Gólfíð er þakið líkum sem hún þarf að verka. Sumar flugurnar eru hálf-dauðar og suða. Hún moka nokkrum þeirra upp og fleygir, en lætur þá fyrstu vera kyrra og teiknar hana. „Svo mála ég mynd af henni.“ (Bls. 11) Hún er (allavega málfræðilega) kvenkyns, eins og kóngulærnar. Viðfangsefnið er nærtækt, dauð fluga í gluggakistu, sem verður bæði að teikningu og málaðri mynd.²⁰ Það gengur verr með ritstörfín. Listakonan getur lítið skrifað því að það ásækja hana „tröllauknar býflugur“ (bls. 11).²¹ Smæðin verður stór í ímynduðu stækkunar-

²⁰ Flugur í gluggakistu er einnig fyrsta viðfangsefni Andra í skáldsögu Péturs Gunnarssonar, *Persónur og leikendur*, þar sem hann, nýkominn til Parísar til að verða rithöfundur, situr á kaffihúsi og hefur tekist að panta sér bjór á frönsku: „Undir eins setti hann sig í stellingar, tók upp blokk og blýant og fór að skrifa. Yddaði fyrst vandlega í öskubakkann; [...] Þægilegt snarkið í blýi og blaði. Yrkisefnið var rigning með raunsæri lýsingu á flugum í gluggakistu.“ *Persónur og leikendur*, Reykjavík: Punktur, 1982, bls. 147.

²¹ Baráttan við flugurnar minnir skemmtilega á fræga smásögu norska rithöfundarins Knuts Hamsun, „En ganske almindelig flue av middels størrelse“, í safninu *Siesta* frá 1897. Báðar fjalla sögurnar um rithöfunda sem verða fyrir áráð af flugu, en efnistöku eru allt önnur. Hjá Hamsun er rithöfundurinn karl, heima í hlýrri skrifstofu sinni, flugan er ein og verður vinkona hans, þar til hún kemur með kærasta og hann myrðir hana. Hjá Drífu er rithöfundurinn kona á eyðibýli þar sem flugan á heima og örmagnast af sjálfu sér, ein af mörgum, heilum flugnasveim. Hamsun skrifar um sína flugu, en Drífa

gleri. Hún ákveður að takast á við þetta karnival býjanna, sem minnir ekki svo lítið á áður tilvitnaða árás búsáhaldanna í sögu Svövu Jakobsdóttur. Hún opnar fyrir þeim alla glugga, teiknar þau og skrifar, umbreytir í texta, myndir, orð.

Hjá tónskáldinu í *Sorgarmarsinum* eftir Gyrði Elíasson snýst þetta við, tónarnir verða að flugum, býflugnasveimurinn í sögu Drífu að svermi af maíflugum, einnig skoðuðum í smásjá:

Á hverjum degi koma einhverjir tónar til mín, ég hripa þá niður, ýmist við eldhúsbordið eða á kné mér – ef ég er staddur úti við þegar þeir flöggra til mín. Sumir eru aðframkomnir þegar þeir lenda hjá mér, og deyta fyrir framan mig einsog svermur af maíflugum, aðrir hafa meira lífsmagn og þola við nógu lengi til að ég geti komið þeim á blað. Hvort líf þeirra heldur áfram þar lengi, er annað mál. Það kemur allt í ljós síðar, þegar ég fer að skoða þá með smásjá rannsakandans – skordýrafræðingsins ef svo má segja. (Bls. 129)

IX

Í öllum verkum sínum er Drífa upptekin af árstíðum og hvernig þær birtast í náttúrunni. Í upphafi sögunnar „Bý“ er náttúran vinaleg og falleg: „Það söng lítill foss í gili rétt hjá“ (bls. 7), þar sem fossinn er jafnt söngvari sem skáld. Á öðrum stað verður sólin að konu sem á vorin rekur skuggana á braut með geislum sínum en verður um veturinn fyrir skuggunum sjálf:

Sólskin um nætur. Sólin hvílir sig dálítið bakvið fjöllin og rís svo upp um miðjan morgun í rauðri hringlaga flík sem hún dustar geislana úr og þeir detta yfir litlausa móana. Geislarnir elta skuggana og skuggarnir flýja geislana og loks mætast þeir einhversstaðar á bak við fjallið næstu nótt. Skuggarnir reyna að traðka á geislunum um nóttina og þeir traðka og traðka en geislarnir stíga ótrauðir fram úr hringflíkinni á ný og taka að elta skuggana. Þeir vinna alltaf leikinn á vorin. En á veturna ... Segjum ekki frá því. (Bls. 8)

teiknar hana líka og malar. Saga Hamsuns er til í íslenskrí þýðingu Jóns Sigurðssonar frá Kaldaðarnesi, „Rétt eins og hver önnur fluga – í meðallagi stór“, *Sögur frá Noregi*, ritstjóri Snorri Hjartarson, Reykjavík: Menningarsjóður, 1948, bls. 72–77.

Myndin hverfist í ofbeldi, skuggarnir traðka og traðka og vinna á geislunum, orðunum, konunum? En um það má ekki tala, heldur aðeins gefa í skyn með þremur punktum: „... Segjum ekki frá því.“

Listakonnan samsamar sig vatninu, hinu flæðandi efni, sem hún einnig tengir einhverju yfirvofandi. „Ég verð vatnið þegar ég horfi þangað, úr vatni er ég og verð hrynjandi vatnsins, gárur og bára, alda og froða [...] Vatnið er hin mikla einvera, hið eilífa líf, hinn þungi straumur. Meðan eldurinn lifir og vatnið gjálfrar er ég óhrædd, en ef þau gengju úr skorðum yrði ég hrædd.“ (Bls. 8)

Náttúran sem gat verið svo falleg í sögunni „Bý“ verður smám saman yfirþyrmandi í „Pastorale“. Vorið er enn kalt, og það bæði rignir og snjóar:

Nú byrgir snjórinn fyrir vorið. Inni er nótt og ég verð að hafa kveikt á lampa. Það skjáfar í þakinu og ég gái út en sé ekkert. Engin spor í snjónum, ekkert. Ég verð máttlaus af ótta og get ekki sofnað heldur ligg ég með dunandi hjartslætti lengi. (Bls. 18)

Þetta er tilvistarótti, af sama toga og kom yfir unglínginn Höllu í *Fjalldalslílu* þar sem hún liggur andvaka um nótt og áttar sig á að hún er yfirgefin og ein. Þær eru sama konan.

Í sambærilegri senu í *Sandárbókinni*, „Pastoralsónötu“ Gyrðis Elíassonar, vaknar listmálarinn eina nóttina við umgang frammi í hjólhýsinu. Það er farið að skyggja, og hann kveikir skjálflhentur á vasaljósinu:

Ég veit að ég læsti hjólhýsinu áður en ég fór að sofa. Ég læsi því alltaf, þótt það sé kannski óþarfi. Ég ligg nokkra stund og hlusta á þennan umgang handan við örþunna hurðina að svefnkamesinu. Þetta er nokkurskonar mäs, í manni eða dýri, heyrir mér, og svo er einsog fætur séu dregnir eftir korklögðu gólfinu. Mér kólnar öllum undir sænginni. (Bls. 67–68)

Það lekur ofan í kolakassann í kofanum hjá listakonunni í „Pastorale“ og kolin eru svo blaut, að ekki er hægt að kveikja upp sér til hita. Músin sem átti heima í kolakassanum liggur dauð milli kolamolanna. „Úti er allt í upplausn“, litli fossinn sem áður söng í gílinu „er orðinn mórauður og illilegur og bylur í gljúfrinu“ (bls. 18), áin flýtur yfir bakka sína og brúarræflinum hefur skolað burt. Í votum skorningum liggur rjúpa í blóði sínu. Önnur situr ein eftir á klettinum þeirra, „klökk og hnípin [...] og þegir eins og náttúran.“ (Bls. 20)

Listakonan hafði heyrt skot: „Skotið sem ég heyrði –“ (bls. 20), og hún upplifir atburðinn sem í kvikmynd:

Hér gerist alltaf eitthvað eins og í kvikmynd. Lífið sem er fábreyti-
legt gengur í tíma eins og kvikmynd og er í myndum eins og kvikmynd.
Þó er ekki hægt að taka kvikmynd af því. (Bls. 20)

Hugleiðingin kallast á við hugsanir rithöfundarins í *Suðurlugganum* eftir Gyrði sem í einveru sinni skrifar eins og upphrópun með upphafsstöfum og í sérlínu: „DAGARNIR LÍÐA EINSOG Í ÞÖGULLI KVIKMYND.“ (Bls. 11)

Í „Pastoralsónötu“ Gyrðis eru skotin mörg, og þau koma í hvellum: „Skyndilega heyrir ég skothvell í kyrrðinni. [...] Annar hvellur bergmálar í skóginum. [...] Síðan ómar hver skothvellurinn af öðrum, og öll kyrrð vikur endanlega fyrir innrás mannsins.“ (Bls. 93–94) Þetta truflar hann og hann fer frá hálfkaraðri mynd, meðan enn berast hvellir „neðan úr skóginum og ég finn til mikillar gremju að menn skuli ekki virða friðhelgi þessa staðar.“ (Bls. 95)

Listakonuna í „Pastorale“ fer að vanta mat og henni er kalt. Hún missir tímaskynið, verður hrædd við allt og alla og upplifir sig sem bráð, jafnt úti sem inni: „Þegar ég sé til mannaferða hraða ég mér mína leið sem liggur upp í fjöllin. Ég er orðin mannaferða.“ (Bls. 13) Komin upp í fjall grípur hana „uggur“ og hún snýr við „heim í kofa“ (bls. 15). En þar er „barið að dyrum“, og „aftur er barið“, og hún stendur andspænis „stútungskarli, órökuðum með sprungnar æðar í kinnum [...] og blóðhlaupin augu“ (bls. 20), farandsala, sem henni tekst að losna við með því að kaupa nauðbeygð af honum eitt kristilegt rit. „Svo kemur ótinn yfir mig. Ég titra og skelf og verð að standa með bakið við vegg til að vera viss um að enginn laumist að baki mér.“ (Bls. 20)

Í öngum sínum fer hún á næsta bæ, Norðurbæinn, ber þar að dyrum og hús-freyjan opnar:

Geturðu sagt mér hvaða dagur er, spyr ég. Eða hvort sé nótt eða dagur?

Hún segir mér það.

Og ætli klukkan sé nokkuð, spyr ég.

Hún segir mér það líka og ég set klukkuna mína. (Bls. 19)

Með þessu er hún komin til manna. Daginn eftir fer hún aftur á Norðurbæinn og sækir sér vistir til næstu daga, „glöð af því ég veit af fólki á næstu grösum“ (bls. 20).

„Ég hef ekki komið til manna dögum saman, bý hér ein í kofanum,“ segir svo í „Moldroki“, þriðju sögunni í þríleiknum. „Vorið er enn ískalt“ (bls. 33) og það sér ekki út úr augum fyrir moldroki, olían er búin og farið að ganga á kolin. „Ég er stundum hrædd“ (bls. 33), skrifar listakonan/rithöfundurinn og leggur enn af stað yfir að Norðurbænum. Þar er henni boðið upp á kaffi eins og körlunum af Suðurbænum sem hafa komið þar við og svolgra stórum. „Fátt er eins hlýlegt og fólk sem sötrar kaffi í eldhúsinu að afloknu dagsverki“ (bls. 33), hugsar hún en segir ekki neitt. Hún fær að aka með körlunum og gengur svo ein troðninginn heim að kofanum. „Veðrið er andstyggilegt“ (bls. 35), og gilið horfir á hana „svart og draugslegt“ (bls. 35). Áætlunarbíllinn er að koma með matinn hennar, en „samt get ég ekki verið hér lengur.“ (Bl. 35) Hún fer með bílnum og lætur kóngulónnum gömlu eftir kofann svo að þær geti ofið um hann „þann vef sem er haglegast gerður og sem segir að hér hafi verið búíð, en nú sé hér enginn.“ (Bl. 35)

X

Smásagnasafnið *Dagar við vatnið* kom út að Drífu látinni og fékk misjafnar viðtökur. „Er þetta smásagnasafn?“ spyr Árni Bergmann í *Þjóðviljanum* 6. nóvember 1971. Hann telur svo varla vera, til þess séu þær of sundurlausar og kallar þær þætti. Hann tekur þó eftir samfellu fyrstu sagnanna, þar sem „sögukona er ein fjarri mannabyggð, fyrst í nánú sambýli við ýmisleg undur heimsins, smá og stór“ en feti sig svo áfram til annars fólks og segir skrítlur, skrifar hann og sér ekki listakonuna í textanum.²² Hins vegar staldrar hann við þátt af skáldhneigðum efnispilti sem bundnar hafi verið vonir við en drekkur sig í hel í út-löndum. Erlendur Jónsson á líka erfitt með að skilja sögurnar (sem hann einnig kallar þætti) í *Morgunblaðinu* sama dag og viðurkennir það. Hann tekur dæmi af „Arnarvatnsheiði“ sem byrji hefðbundið en snúist upp í kynjasögu þar sem hann botnar hvorki í tákmyndum né byggingu. Í þessu skilningsleysi bendir hann þó réttilega á að í þáttum sínum blandi Drífa saman hefðbundnu og nýju. Það líst honum reyndar ekki á og gefur, að vanda karlritdómara, skáldkonunni (látinni) ráð, í viðtengingarhætti: „Ég hygg, að Drífa Viðar hefði getað samið betri sögur, ef hún hefði ekki látið það, sem hún hefur ef til vill álitit formtízku, villa sér sýn.“²³ Þorsteinn frá Hamri leggur (réttilega) áherslu á fyrstu sögurnar í ritdómi sínum í *Tímariti Máls og menningar* 2/1971, þær séu samstæðar að efni, „mynda óljósa heild sem gæti virzt hluti af stærri heild, verki sem ekki hafi verið

²² Árni Bergmann, „Eru þeir ekki ótrúlegir dagarnir?“, *Þjóðviljinn*, 6. nóvember 1971, bls. 5.

²³ Erlendur Jónsson, „Tilraunir með gamalt og nýtt“, *Morgunblaðið*, 6. nóvember 1971, bls. 13.

lokið.“ Þótt skáld sjálfur tekur hann þó ekki eftir listakonunni, rithöfundinum, í textanum, en segir sögurnar „svipmyndir úr sveit þar sem sögumaðurinn, kona, dvelur um skeið og blandar geði við nágrenni sitt.“²⁴ Ólíkt öðrum ritdómurum um verk Drífu gerir hann greinarmun á náttúru og sveit, og ræðir sérstaklega tákmynd vatnsins (sbr. einnig nafn bókarinnar) sem konan í „Bý“ samsamar sig og hann tengir með beinni tilvitnun einsemdinni og óttanum.

Oddný Guðmundsdóttir rithöfundur rekur lestina með pistli í *Þjóðviljanum* 13. nóvember 1971, þar sem hún kvartar (að ósekjju) undan neikvæðni í ritdómum um bækur Drífu þar sem sveitasælan væri höfð í skopi og þjóðerniskenndin sniðgengin. Hún nefnir nokkrar sögur úr *Dagar við vatnið* máli sínu til stuðnings en vikur hvergi að vanda listakonunnar, kvenrithöfundarins. Þá minnst hún þess þegar hún las *Fjalldalslílu* eftir Drífu Viðar, að „raunar væri þetta saga um sveitasælu“, og sama væri að segja um þessar nýju smásögur Drífu: „Þær koma til okkar með hreina loftið, grösín, bæjarlækin, mófuglana, húsdýrin og fólkið.“ Þó þykir henni þekking Drífu á sveitalífinu „nánast furðuleg“, án þess að útskýra það frekar.²⁵

XI

Eins og listakonan í *Dagar við vatnið* er Halla í *Fjalldalslílu* ekki bara rithöfundur, heldur fæst hún einnig við myndlist.²⁶ Í kaflanum „Þenkingar“ hugsar hún um sig sem myndlistarmann og mælir sig írónískt við heimsmeistarana:

Ég er stundum minnug orða Delacroix sem hann mælti í alvöru, ef þú getur ekki teiknað mann meðan hann er að detta frá 5. hæð á húsi niður á jörð geturðu hætt að teikna. Sérílagi þegar ég sit í fjárhúsunum og teikna hina tifandi jórtrandi rollu. Það er kuldi í lofti þegar sólin ekki skín; ég finn það á fótunum. En inni hjá rollunum er hlýtt. Þegar

²⁴ Þorsteinn frá Hamri, „Sögur Drífu Viðar“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1971, bls. 176–177.

²⁵ Oddný Guðmundsdóttir, „Dagar við vatnið“, *Þjóðviljinn*, 13. nóvember 1971, bls. 7.

²⁶ Það sama á (auðvitað) við um Drífu sjálfa sem á síðustu dögum ævi sinnar opnaði einkasýningu á málverkum sínum í Bogasal Þjóðminjasafnsins 7. apríl 1971, en hafði áður tekið þátt í samsýningum. Sýningin í Bogasalnum var á páskum og stóð aðeins fimm daga. Í ágætu viðtali: „Allir verða að horfast í augu við verk sín“, í *Morgunblaðinu* 8. apríl 1971, bls. 7, segir Drífa frá ferli sínum sem byrjaði með teikningum og hafi hún teiknað heil ósköp. „Ég á enn þessar myndir, en þær eiga allar að lenda í rusladallinum á næstunni.“ Þá hafi hún fljótlega fundið að olíulitir voru hennar litir, og eigi hún mörg verk sem ekki séu á sýningunni, og vonar að sér gefist síðar tækifæri „til þess að setja upp aðra sýningu, sem gefi betri yfirsýn yfir verk mín en þessi fyrsta sýning.“ Það varð ekki, því að Drífa lést 20. maí 1971. Sjá einnig umsögn Valtýs Péturssonar, „Sýning Drífu Viðar“, í

þeim er hleypt út finn ég mér annað viðfangsefni, til dæmis kýrnar. Fyrst í stað finnst mér kýrnar ljótar, klunnalegar og fjósalyktin vond. (Bls. 116–117)

Og Halla teiknar, ekki fallandi mann í stórborg, heldur tifandi rollur og iðandi kýr í sveit. Þetta er erfitt og henni er kalt þótt sumar sé:

Hönd mín er nokkuð stíð. Það má aldrei láta verk niður falla, þá verður höndin fljótt stíð. Mér gengur illa að teikna kýrnar. Þær eru á sífelldu iði og skritin árátta þeirra að koma sér alltaf fyrir í þýfi til þess að ekki sé hægt að teikna fæturna á þeim. Búkurinn stendur upp úr þúfnakollunum, hryggur, vömb, malir, haus og granir. Þær blaka stórum eyrum. Ég verð loppin þennan sumardag í mounum. (Bls. 138)

Þannig er hún í stökustu vandræðum með viðfangsefni, öll úr nánasta umhverfi. Þau færast sífellt undan. Kýrnar geta ekki verið kyrrar fremur en fólkíð sem hún glímir við að teikna, og konurnar vilja vera „uppábúnar“ þegar hún „tekur mynd“ af þeim, eins og þær orða það:

Frænka segir: góða Halla ekki taka mynd af mér þegar ég er ekki uppábúin. En Helga gengur sparibúin um meðan ég teikna. Þegar ég einu sinni byrja að teikna get ég ekki hætt. Ég verð alltaf að halda áfram og finna nýja hlið viðfangsefnisins eða teikna það betur. (Bls. 117)

Um leið og Halla teiknar skrifar hún um það sem hún teiknar, og þannig verður myndin til bæði í teikningu og texta.

Ég var að teikna í dag, sem ekki er í frásögur færandi. Ég teikna nú meira og meira daglega. Beljukvikindin æddu allar út í mýri og hundurinn á eftir þeim. Aldrei hef ég tekið eftir því fyrr hversu léttar kýr eru á sér. Þær röðuðu sér í þýfi og stóð ekkert uppúr þúfnakollunum nema þeirra síkvikandi, kassalaga búkur, og gekk mér illa að teikna þær. Lappalausar voru þær. Þó var ömurlegast að sjá blessuð dýrin þegar þau voru komin á blaðið. (Bls. 207–208)

Morgunblaðinu 15. apríl 1971, bls. 12. Hann er yfir sig hrifinn af sýningunni sem hann jatar að hafi komið sér á óvart, „svo heill og sérkennilegur“ sé svipur hennar allur. „Það er reyndar einkennilegt,“ skrifar hann, „að Drífa skuli ekki fyrr hafa efnt til einkasýningar á verkum sínum. Sannleikurinn er sá, að hún hefur það mikið fram að bjóða í list sinni, að hennar hlutur hefði átt að vera kunnur fyrir löngu.“

Þegar fólkið á bænum fær að skoða myndirnar hennar aumkar það hana:

Ósköp eru að sjá veslings skepnurnar á blaðinu.
Á þetta nú að vera hún Bletta! (Bls. 118)

„Æi,“ segir svo vinkonan Guðfinna: „Ekkert er gaman að þessari nútímalist, hvort sem er ljóð eða teikning.“ (Bls. 139) En Halla teiknar og teiknar. Hún situr úti og teiknar köttinn „sem teygir sig í sólskininu“, hundinn „þegar hann fer hjá“, og hænsnin að kroppa. „Og teygi mig lengra og lengra burt frá bænum.“ (Bls. 119) Þar reynir hún að fanga inn náttúruna, en það er ekki hægt:

Teikningin og málningin sem eru einu skrautblóm grjótveraldar borgarinnar, hverfa hér í samkeppni við músareyraf, lambið og tryppið í haganum, kálfinn á básnum, márjástluna í veggnum, gaukinn. Festu málverkið þitt á barð úti móa og sjáðu hvort það stenz samanburðinn við sauðarmerginn. Ég segi ekki að Mikelansjeló, Rembrandt og Velasquez myndu hverfa. En festu málverkið þitt við móabarð. Samt er málverkið mitt stolt, mitt framlag, mitt líf, minn dauði. (Bls. 117)

Hér nefnir Halla málverk sem listrænt markmið sitt, en í sögunni fæst hún eingöngu við teikningar, eins og hún treysti sér ekki enn í málverkið eða hafi ekki aðstöðu til þess. Það kemur reyndar fram síðar í sögunni að í útlöndum ætla hún að mála fyrir sjálfa sig eftir að hafa fengið vinnu við teikningar.

Sér til huggunar minnst hún málaranna áður fyrr sem „hétu engu nafni“ (bls. 117) en máluðu á hellisveggi, varanleg málverk. Skóli þeirra var sá að horfa. „Hvergi eru til önnur eins form.“ (Bls. 117)

XII

Um leið og Halla reynir að teikna kýrnar hugsar hún um Andrés, og það er ekki síður hann sem færirst undan: „Ég get sagt það eins og er, ég er búin að eltast lengi við kýrnar en lengur er ég búin að horfa að Hóli og stundum held ég að ég sjái Andrés.“ (Bls. 208) Hún óskar þess að hann komi út í móana þar sem hún er að teikna kýrnar, setjist hjá sér og kyssi sig „í klessu“ (bls. 210). Þá ætlar hún að tala við hann og segja honum allt, láta hann vita hug sinn allan:

Nú á ég að segja við Andrés: Ég elska þig. Eða: Ég ann þér hugástum; það fer betur hér í sveit. En við berum ekki tilfinningar okkar utaná okkur hér. Við förum dult með. (Bls. 178)

En þetta eru bara hugsanir sem hún hugsar „að minnsta kosti á hverju kvöldi“ (bls. 208), og hún getur ekki tjáð öðruvísi en í skáldsögunni sem hún á skrifandi stund er að skrifa:

En ég skrifa þetta hér af því ég get aldrei sagt neinum neitt. Ég get meira að segja ekki sagt sjálfri mér það öðruvísi en svona. (Bls. 208)

En Andrés kemur ekki. „Ætli hann sé ekki að laga hlöðupakið hjá sér fyrir hauststormana“ (bls. 210), og myndirnar hennar eru „aumkunarverðar hér í sveit“ (bls. 209). Og að því kemur að hún ákveður að fara, ákvörðunin sett upp eins og ljóð:

Ég mun fara.
Dagar mínir hér eru heyvinna.
Dagar húsmóðurinnar eru kleinubakstur.
Hún kemur aldrei undir bert loft.
Húsmæður hér eru merkar konur, merkari en aðrar ég þekki.
Þær fara dult með. (Bls. 196)

Hún á samt erfitt með þetta og stappar í sig stálinu með tungumálinu, og er hvötin sett upp sem orsaga:

Ég ætla á hverjum degi að fara á morgun. Ég er að fara. Ég ætla að fara. Ég ætla sem sé að fara að fara. Ég verð að fara; fara til útlanda þar sem ég get fengið vinnu við teikningar og auk þess fengið nógan tíma aflögu til að mála fyrir sjálfa mig og þá get ég haldið áfram á listabrautinni og það er beðið eftir mér og allir hér verða fegnir þegar ég fer. (Bls. 197)

Við brottförina er allt klappað og klárt, „teikningarnar á töskubotninum“ og „fötin þar ofaná“ (bls. 211). Frá gamla bóndanum á bænum, sem segist líka að vera að fara, fær hún með sér í veganesti Númerímur bundnar í skinn og gylltar á kili, umbúðir. Áætlunarbíllinn kemur. „Það er Bogi.“ (Bls. 212) Hann lyftir töskunni með „vanri handahreyfingu“ og sveiflar henni upp á þak bílsins. „Það er naumast hún er þung, segir hann, hefurðu falið kærastann í henni.“ (Bls. 212) Þannig myndhverfist kærastinn Andrés, sá sem aldrei varð, í myndirnar hennar og verður að farangri neðst í tösku. Áætlunarbíllinn kemur við á Hóli. Halla fer út úr bílnum, og hún kveður Andrés. „Það er síðasta handabandið í sveitinni, sterkleg hönd heldur í mína andartak.“ En Sigurbjörg, skáldkonan, „fer dult með kveðju sína, vertu sæl.“ (Bls. 213)

XIII

Þar með lýkur sögunni á brottför Höllu með listaverkin og kærastann í þungum farangri, á töskubotni. Í upphafi var spurt: „Og ég fer að velta því fyrir mér hversvegna ég hafi ekki gert það sem var svo augljóslega rétt. Og gert þá hvað?“ Þessari spurningu sem Halla leggur fyrir eigin sögu og er uppspretta hennar er ekki svarað, fremur en öðrum spurningum Höllu, enda við henni ekkert einhlítt svar, ekkert augljóslega rétt. Hún er gáta á borð við fleygt tilsvor Guðrúnar Ósvífursdóttur sem spurð var hverjum manni hún hafi unnað mest: „Þeim var ég verst er ég unni mest.“²⁷ Konur tala í gátum í því samfélagi sem þær ekki treysta en þó spegla sig í, þær fara dult með. En eftir stendur að Halla gerir uppreisn. Hún segir sig í annað sinn úr þessu samfélagi sveitarinnar og fer alfarin af landinu þangað sem eftir henni er beðið og menn kunna ekki að fara dult með. Hún rýfur þögnina, gerist rithöfundur og skrifar þessa bók.

Nafn bókarinnar *Fjaldalslilja* er líka gáta, það er ekkert í sögunni sjálfri sem skýrir það, og orðið sjálft ekki áður til, það er nýyrði Drífu. „Allir vildu Lilju kveðið hafa“ er fleygt orðatiltæki með vísun til miðaldakvæðis Eysteins munks Ásgrímssonar, „Lilju“, frá 14. öld, eins meginverks íslenskrar bókmenntasögu. *Fjaldalslilja* var eina bók Drífu Viðar sem hún sá í lifanda lífi, þráð verk og það síðasta, hennar Lilja.

XIV

Það komu þrír ritdómar um *Fjaldalslilju*, allir eftir karla sem enginn hefur skilið um hvað bókín er, listakonu, rithöfund að skrifa sína eigin sköpunarsögu, heldur skilgreina þeir hana allir ýmist sem sveitasögu eða ástarsögu.²⁸ „Sumar í sveit“ er fyrirsögn Guðmundar G. Hagalíns í *Morgunblaðinu* 21. desember 1967, eins

²⁷ *Laxdæla saga*, *Íslensk fornrit* V, ritstjóri Einar Ólafur Sveinsson, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1934, bls. 228.

²⁸ Við þetta má bæta pistlinum „Ný bók eftir Drífu Viðar: *Fjaldalslilja*“, sem birtist í tímaritinu *Nýr Stormur* 15. desember 1967, bls. 3. Höfundar er ekki getið en er sennilega ritstjórinn Páll Finnbogason. Þýsnast hann þar í upphafi og löngu máli yfir gagnrýndum sem „fordæma hverja þá bók, sem frá kvenrithöfundi kemur sem ‘kerlingabók’“. Á þetta reyndar ekki við um *Fjaldalslilju*, sem ætla má að pistillinn fjalli um, en er hvergi tengd þeirri nafngift í ritdómum. Ekki er hann heldur klár á efni sögunnar, en segir hana sögu „sveitastelpu frá barnsaldri til fullorðinsára“ sem hann svo ruglar saman við aðra persónu bókarinnar. Þá hrósar hann höfundi með því að sparka í aðra kvenrithöfunda sem hann þó byrjar á að verja: „Hún fellur ekki fyrir þeirri freistni, sem oft vill henda kvenrithöfunda, að gera ástinni mæðarfull skil í þessari sögu. Hún klæmist ekki heldur á orðum og hugsun, sem mjög er nú í tízku.“

og um sé að ræða ritgerðarefni í barnaskóla. Að hans mati gerist „ekkert stórbrotið í þessari sögu“, og hann hrósar „skáldkonunni“ fyrir það sem hún er ekki. Hún „gætir sín vel fyrir tilfinningavæmni“, auk þess sem hún virðist „laus við alla ónáttúru og tilgerð, ekki hafa neinar tilhneigingar til æsilegra og klúrra umhverfis -, atburða- eða persónulýsinga eða vera haldin áratu til að freista þess að láta þoku lítt eða ekki skiljanlegra hugmynda og hundakúnsta stækka sig og breyta í einhvers konar furðulega og yfirskilvitlega töfrakonunni eða galdrakind.“²⁹ Með þessari fátíðlegu þulu sem kemur sögunni ekkert við er hann augljóslega að sparka í annan samtímakvenrithöfund, það er Svövu Jakobsdóttur, sem fyrr á sama ári gaf út sitt annað smásagnasafn.

Fyrir Árna Bergmann í *Þjóðviljanum* 29. nóvember 1967 er *Fjaldalslilja* fyrst og fremst „ástarævintýri“ ungrar Reykjavíkurstúlku í sveit, sundurlausar endurminningar, blandnar þjóðfræði: „Asalaust líður fyrir augu lesandans myndasafn af því sem getur borið fyrir augu og eyru slíkrar persónu: heyskapur, mjaltir, berjaferðir, hestar og kóngulær, kýr og jötunuxar, þjóðtrú og andaglös, strákafylleri og sveitabóll.“ Og saman við allt þetta, segir hann, fléttast ástarævintýri sem ekki er vandræðalaust, því báðar vilja þær Andrés eiga, sögukonan Halla og frændkona hennar, Guðfinna, og sé „ástarævintýri þetta“ kannski „það eina sem ‘sögulegt’ er í þessari bók“. Fyrir honum er sagan „undarlega kyrrstæð“, allt únt til, „stórt og smátt samkvæmt þeirri elskulegu eigingirni að allt var merkilegt sem fyrir bar þegar við vorum ung [...] í endalausri festi smáatriða.“ Af lýsingu hans að dæma, og einnig fyrirsögninni: „Þegar við vorum ung . . .“, ólokinni setningu sem á sér engan hljómgrunn í sögunni, mætti ráða að höfundur sé gamall að skrifa siðferðilegan, ef ekki kennslufræðilegan, „ungþíuróman“, á borð við þá sem urðu til og fóru forgörðum á götuslóðanum hjá Höllu. Eftir nokkur lofsyrði um ferskan blæ, einlægni, hógværð og blátt áfram málfar er niðurstaða hans sú, að Drífa ráði ekki við stílinn, og vilji lesandi þreytast á þessum endurtekningum og „bitafærslu“ út heimi „búskapar og þjóðsögu“. Að vanda karlritdómara gefur hann henni ráð í lokin: „Saga Drífu Viðar hefði grætt á niðurskurði, gagnrýnna vali, meiri rækt við sjálfstæða tilveru fólksins í sögunni.“³⁰

Það er „kyndug frásögn sem Drífa Viðar hefur sett saman og nefnir *Fjaldalslilju*“, segir Ólafur Jónsson í *Alþýðublaðinu* 21. nóvember 1967, á vissan hátt réttilega, því að bókin er „dálítið óvenjuleg“ eins og hann líka tekur fram, þótt efnið sé það hins vegar ekki að hans mati: „Draumurinn um sveitina, [...] samofinn draumnum um ástina.“ Um það hefur verið kveðið „lengi lengi, í flestu

²⁹ Guðmundur G. Hagalín, „Sumar í sveit“, *Morgunblaðið*, 21. desember 1967, bls. 19.

³⁰ Árni Bergmann, „Þegar við vorum ung . . .“, *Þjóðviljinn*, 29. nóvember 1967, bls. 5.

því sem um sveit og sveitalíf hefur verið skrifað á íslenzku.“ En þetta er líka „ástarsaga tveggja stúlkna sem keppa um sama piltinn“, segir hann og hefur þar með afgreitt ástarsöguna. „Fyrst og fremst er sagan þó um sveitina, þessa eilífu sveit.“ Og eins og sveitasögu sæmir nefnir hann ritdóminn „Á þessu stóra heimstúni.“ Það er meðferð efnisins, segir hann, sem er óvenjuleg, hvernig höfundur leiðir hjá sér að segja sögu með „venjulegu“ móti: „Það sem mestu skiptir í sögunni er vitund sögukonu, næmleiki hennar á það sem fyrir ber hverja stund, ekki ályktanir af efninu.“ Ólafur Jónsson er þó sá eini sem tekur eftir að sagan gerist í vitund konu, en hann tekur ekki eftir að hún er um leið að skrifa hana, sífellt að teikna og skrifa, og á sér þá ósk heitasta að verða listakona. Svo langt nær greiningin ekki, og niðurstaðan er ekki beinlínis uppörvandi fyrir rithöfund sem gefur út sína fyrstu bók fjörutíu og sjö ára að aldri. Ritdómarinn dregur í og úr: Höfundur hefur frásagnarháttinn engan veginn á valdi sínu, segir hann, og dregur úr gildi næmleikans, ferskleikans, nýstárleikans, sem hann var að enda við að hrósa. Þótt efniviðurinn sé settur fram með „nýstárlegu og fersklegu móti“ megnar höfundur ekki „að skipa sögu saman í nýju samhengi“ og „þrátt fyrir fersklegan stíl og skynjunarmáta verður ekki nýr skáldskapur úr verki hennar.“ Sagan er „margorð“, „langdregin“ og „endurtekningarsöm“. Ungu stúlkna í sögunni er „eintómur stelpulegur næmleiki“ sem nægir ekki „til að ljá henni listrænt mannmót“ (hvað sem það nú er). Hún er því varla fyrir fullorðna. Í lokin fellir svo karlritdómarinn ungi miðaldra kvenrithöfundinn á eigin bragði, um leið og hann ber hana saman við viðurkenndan barnabókahöfund: „Drífa Viðar hefur ekki lært til neinnar hlítar þá list Sigurbjargar á Hóli í sögu sinni, og höfunda eins og Stefáns Jónssonar, að fara dult með.“³¹

³¹ Ólafur Jónsson, „Á þessu stóra heimstúni“, *Alþýðublaðið*, 21. nóvember 1967, bls. 5. Í greininni „Konur í skáldskap“ (síðari hluta) sem birtist í *Alþýðublaðinu* 16. maí 1968, bls. 5 og 10, hér bls. 10, fjallar Ólafur Jónsson mun jákvæðar um *Fjalldalslíju* sem gagnrýnins framlags til bókmenntasögu sveitarinnar og tekur hana sem dæmi um það „hvernig kvenlegur stílsháttur getur lífgað við úrkula söguefni [...] þar sem vitund sögukonu, stelpu úr borginni, kvenlegur næmleiki hennar, gerði fersk og dálítið nýstárleg ýms efni hinnar hefðbundnu sveitasögu.“ - Dagný Kristjánsdóttir fjallar um *Fjalldalslíju* á rúmri bladsíðu í bók sinni *Kona verður til. Um skáldsögur Ragnheiðar Jónsdóttur fyrir fullorðna*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 1996, bls. 404–406, en leggur eins og ritdóm-ararnir mesta áherslu á ástarmálin og sveitina, og sér ekki fremur en þeir listakonuna í textanum. Í neðanmálgrein (bls. 406) vísar hún að sögunum í *Dagar við vatnið*, sem hún segir „satíriskt brot eða furðusögu sem lýsa lífi listamanna í furðuborgum eins og Krím-bambúli.“ Engin listakona þar heldur. Umfjöllun Dagnýjar um *Fjalldalslíju* birtist svo að mestu óbreytt og orðrétt í *Íslensk bókmenntasaga IV*, Reykjavík: Mál og menning, 2006, bls. 560–561 undir kaflaheitinu: „Blessuð sértu sveitin mín“.

XV

Þetta sveita- ástar- og ungpúblæti ritdómaranna má að vissu leyti afsaka með auglýsingum og fréttatilkynningum um bókina, því að þannig var hún auglýst. Í tveggja dálka auglýsingu frá bókaforlaginu Heimskringlu sem birtist fyrst í *Þjóðviljanum* 18. nóvember 1967 er henni þannig lýst, með áherslu á sveitina, stúlku- una og piltinn: „Nútíma sveitalíf séð með athugulum augum reykvískrar stúlku. Hún hrífst af sveitinni, en sú hrifning er blandin harmi og söknuði. Hún verður ástfangin þar af pilti sem hún getur ekki gleymt.“ Harmurinn er ástarsorgin og söknuðurinn eftir piltinum. Til að hressa upp á þetta er tekið fram að „margar skemmtilegar persónulýsingar“ séu í sögunni og nefndar til tvær aukapersónur, bóndinn sem er aldrei svartsýnni en í góðu veðri og skáldkonan „sem fer dult með“. Í lok auglýsingar er minnst á „persónulegt málfar og stíl sem heillar lesandann“. Bókin er sem sagt bæði skemmtileg og heillandi. Hér er algjörlega gengið fram hjá meginefni bókarinnar, listakonunni, rithöfundinum sem skrifar hana, og það gerir sjálfur útgefandinn sem þó splæsir í þessa dýru auglýsingu. Þegar auglýsingin birtist næst, í *Þjóðviljanum* 6. desember 1967, hefur henni verið breytt (ritskoðuð að ósk höfundar?). Skemmtilegu persónurnar bóndinn svartsýni og skáldkonan sem fer dult með hafa verið felldar burt og aðrar óskilgreindar en „ógleymanlegar“ komnar í staðinn. Þá hefur því verið bætt við að bókin sé fyrsta skáldsaga höfundar. Reykjavíkurstúlkunni og nútímasveitalífinu haldið.³² Þá ýtir það undir hugmyndina um *Fjaldalslilju* sem rómantíska sveitasögu að bókarkápu prýðir falleg mynd eftir Kristínu Þorkeldsdóttur af tveimur hestum og pari í útreiðartúr, en það kallast ekki á við neitt í textanum.

Þessi lýsing á bókinni sem sveitasögu, ástarsögu, ungpíusögu, jafnvel barnabók, gengur svo að breyttu breytanda aftur í öllum fréttatilkynningum, meðal annars þessari raunar bráðskemmtilegu, en einfeldningslegu, í *Tímanum* 21. nóvember 1967: „Fjaldalslilja er fyrsta skáldsaga Drífu Viðar, hún er um litla stúlku sem fer í sveit, og þegar bókinni lýkur er hún orðin fullorðin. Það skal samt tekið fram að þetta er fullorðinsbók.“ Í *Morgunblaðinu* 18. nóvember 1967 er lýsingin höfð eftir skáldkonunni sjálfri: „Nýútkomin skáldsaga frá Drífu Viðar nefnist Fjaldalslilja, og að sögn skáldkonunnar fjallar hún um ástir og ævintýri Reykjavíkurstúlku í sveit.“ Þessi lýsing Drífu á eigin skáldsögu getur varla verið annað en grín með tilvísun í auglýsingu forlagsins og almenna skoðun á

³² Í þessu breytta formi birtist auglýsingin síðan í nokkrum blöðum, það er *Verkamanninum* 6. og 8. desember 1967, *Alþýðublaðinu* (brengluð) 7. desember 1967 og *Alþýðumanninum* 14. desember 1967, en ekki oftast og ekki aftur í *Þjóðviljanum*. Hins vegar var bókin ágætlega kynnt í auglýsingu með öðrum bókum Heimskringlu.

„kerlingabókum“ tímabilsins. Nokkrum dögum áður hafði í *Þjóðviljanum* 14. nóvember 1967 birst annað „viðtal“ sem segir meiri sögu: „Fjalldalslilja er fyrsta skáldsaga Drífu Viðar að því er næst verður komizt og vildi höfundur varla gefa aðrar upplýsingar um hana en þær að hún segði frá Reykjavíkurstúlku í sveit og væri tilorðin á alllögum tíma.“ Þetta eru einu ummælin sem höfð eru eftir Drífu um efni og tilurð *Fjalldalslilju*. Hún verst allra annarra fréttu en þeirra að sagan hafi orðið til á löngum tíma, með öðrum orðum skrifuð „upp við dogg“, svo að vitnað sé til ritdóms hennar um skáldsögu eftir konu þrettán árum fyrr. Með því þaggar hún niður í eigin ritverki, sínu æviverki, og fer með það dult.

Greinin er að stofni til fyrirlestur haldinn á fjölmennu málþingi í tilefni hundrað ára fæðingarafmælis Drífu Viðar í Safnaðarheimili Neskirkju 7. mars 2020, hún er tileinkuð minningu frænda míns Jóns Thoroddsen (1957–2024) sem átti að henni frumkvæði og treysti mér til að fjalla um ritverk móður sinnar.

HELGA KRESS

Prófessor emerita í almennri bókmenntafræði
við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands
helga@hi.is
Vefsíða: helgakress.academia.edu